

Fréttabréf

# Lífeyrisdeildar Sameykis

2. tbl. 5. árg. september 2023



## Haustfagnaður

***Fimmtudaginn 9. nóvember 2023 , kl. 12.00***

***Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2***

Lífeyrisdeild Sameykis stendur fyrir haustfagnaði fyrir félagsfólk Lífeyrisdeildar.

Boðið verður upp á steikarhlaðborð, kalkún og lamb, Vanilluís Gelato og kaffi.

Ólafur Kristófersson verður með upplestur.

Grímur Sigurðsson ásamt félögum spila fyrir dansi.

**Verð 4.000 kr. á mann**

Hægt er að kaupa miða á haustfagnaðinn í gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins

á vefsíðunni [www.sameyki.is](http://www.sameyki.is) eða á skrifstofu Sameykis, s. 5258330/5258340.

Félagsfólk má bjóða einum gesti með á fagnaðinn.

Síðasti dagur til að skrá sig er **föstudagurinn 3 nóvember.**

## Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis



Aðalfundurinn var haldinn 18. apríl sl. Ágætis fundarsókn var á fundinn sem haldinn var í félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 og aðalfundarstörf gengu hratt og vel fyrir sig. Þrír úr fyrri stjórn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Það voru þau Lilja Sörladóttir, Sigurjón Gunnarsson og Sigurður

Helgason og er þeim þökkúð góð störf síðastliðin ár. Þau sem halda áfram í nýrri stjórn eru Ingibjörg Óskarsdóttir formaður, Bryndís Þorsteinsdóttir, Guðjón Magnússon og Guðrún Árnadóttir. Nýir í stjórninni eru Hildur Gunnarsdóttir, Marías Sveinsson og Þórdís Richter og eru þau boðin velkomin í stjórn Lífeyrisdeildarinnar. Hrafnhildur Guðmundsdóttir og Sigurjón Gunnarsson voru kjörnir skoðunarmenn félagsreikninga. Eftir fundinn naut fundarfólk veitinga og samveru.

---

## Orlofstilboð í vetur

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis geta leigt sér orlofshús yfir vetrartímamann, á virkum dögum í Vaðnesi og í Munaðarnesi á 2.650 kr. nóttina en helgarverðið er það sama fyrir alla. Kíkið inn á orlofsvefinn okkar eða hafið samband við skrifstofuna ef þið ætlið að nýta ykkur afsláttinn. Orlofsjóður býður upp á fleiri kosti en orlofshús og íbúðir. Svo sem gjafabréf í flug en það er kynnt á orlofsvef Sameykis. Endilega kíkið á það.





## Fréttir af félagsstarfinu



### Vorfagnaður

Í maí var haldinn vorfagnaður í Gullhömrum. Góð stemming var í hópnum. Snæddur var góður hádegisverður. Sóli Hólm kom og skemmti gestum við góðar undirtektir gesta. Að lokum var dansað af líf og sál við undirleik Gríms Sigurðssonar og félaga.



### Sumarferðir

Þrjár skipulagðar leiðsöguferðir um Suðurland voru í lok júní undir tryggri leiðsögn Harðar Gíslasonar. Keyrt var að Þingvöllum, um Laugarvatn að Reykholti og snæddur hádegisverður á Flúðasveppum. Eftir góðan hádegisverð var haldið að Forsæti þar sem skoðaðir voru listmunir úr tré. Þar skoðuðum við einnig uppsett orgel sem var áður í Landakirkju fyrir gos og spilaði gestgjafi okkar fyrir okkur á orgelið.




Ekið var um Stokkseyri og Eyrarbakka, þar borðuðum við kvöldverð í Rauða húsinu áður en ekið var heim á leið.

# Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu.

Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember.

**Frestur til að senda inn umsóknir í haust er 10. nóv.**



Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis [www.sameyki.is](http://www.sameyki.is) undir **Lífeyrisdeild**.

Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.

## Gott að vita – fyrir alla

Gott að vita námskeið Sameykis standa öllu félagsfólki til boða. Við hvetjum félagar í lífeyrisdeildinni til að kynna sér hvað er í boði. Upplýsingar má finna bæði í blaði Sameykis en einnig á [www.sameyki.is](http://www.sameyki.is)

## Grjótharðir göngugarpar á facebook

Gönguhópurinn Grjótharðir göngugarpar heldur sínu striki og hittist á hverjum miðvikudegi kl. 10:30. Hópurinn hittist á fjórum mismunandi stöðum í borginni til skiptis og gengur í um það bil klukkustund eða örlítið lengur ef veðrið býður upp á það. Oftast er stoppað stutt í kaffi eftir gönguna.

Vertu með í hressandi göngu og kynntu þér málið á facebook síðunni þeirra. Allir velkomnir og tilvalið að taka með maka, vin eða vinkonu.

## Skráning í Lífeyrisdeild

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir Lífeyrisdeild eða hafa samband við skrifstofu [sameyki@sameyki.is](mailto:sameyki@sameyki.is) eða í síma 525 8330. Láttu endilega vini og félagar sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig.



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannajónustu  
Áb.maður: Þórarinn Eyfjörð - Umsjón: Ingibjörg Óskarsdóttir  
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannajónustu  
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330/5258340 - [sameyki@sameyki.is](mailto:sameyki@sameyki.is)